



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Fundarherbergi ÍSÍ - 12.1.2016 kl. 17:30

Mætt:

Gunnar Bjarnason (GB), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMB), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Ragnar Róbertsson (RR), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Þórður Bragason (ÞB), Einar Gunnlaugsson (EG), Brynjar Gauti Schiöth (BGS)

Fjarverandi: Ari Jóhannsson (AJ), Guðbergur Reynisson (GR)

ÞA ritaði fundargerð.

1. Ársþing

Ákveðið að halda sérstakan fund um afreksstefnu og umhverfisstefnu.

Á formannafundi komu fram tillögur að breytingum á keppnisreglum sem fara þarf yfir.

Ekki talið að gera þurfi lagabreytingar.

2. Breytingar á keppnisdagatali vegna torfæru

Stjórn ákvað að halda sér við gefnar dagsetningar, en um leið auglýsa keppnina sem "Icelandic Formula Off Road World Cup".

3. Women in karting - skeyti frá Michèle Mouton

Því miður sér AKÍS sér ekki fært að taka þátt í þessu verkefni þar sem engin unglingsstúlka á aldrinum 13-16 ára hefur nægilega keppnisreynslu.

4. Skráning keppnistækja

Ræddar leiðbeiningar um hvernig skráningu keppnistækja skuli háttað.

Framkvæmdastjóra falið að koma þeim á vefinn.

5. Mótakerfi AKÍS

Stjórnarmenn beri betur saman in-house kerfi og hjolamot.is

6. Beiðni um umsögn vegna reglugerðar um gerð og búnað reiðhjóla

Umferðarfragráð hefur sent [drög að reglugerð um gerð og búnað reiðhjóla](#) og beiðni um umsögn AKÍ vegna hennar.

AKÍS hefur ekki athugasemdir við þessi drög að reglugerð.

7. FIA styrkur

Ákveðið að setja upp vikulega stöðufundi með hverjum klúbbi til að halda utan um verkefnið. Við skal það miða að þeir séu ekki lengri en 30mínútur í hvert sinn.

8. Erindi frá Jakob Cecil Hafsteinssyni



Stjórn samþykkir að veita umbeðna heimild til upptöku á akstursíþróttum á næsta keppnistímabili. Tilvísun: 2016-TV-1002.

9. Erindi frá Þrándi Arnþórssyni

Stjórn samþykkir að veita umbeðna heimild til upptöku á akstursíþróttum á næsta keppnistímabili. Tilvísun: 2016-TV-1003.

10. Reglur í drift 2016

Samþykktar.

11. Önnur mál

- A. **Reglur í torfæru** - Verið að lesa yfir og er því lýkur munu þær settar á viðeigandi stað á vef AKÍS..
- B. **Árekstur er á keppnisdagatali 4.-5. júní** - Formaður kanni möguleika á lausn.
- C. **Kassabílarally** - BÍKR er að kanna, í samráði við Íþróttabandalag Reykjavíkur, að ganga í annað sérsamband vegna þessa ungliðastarfs. Stjórn AKÍS óskaði að fá að fylgist með.
- D. **Konur og akstursíþróttir** - HKS hefur stofnað hóp með áhugasömum konum á Facebook.